FÉLAGSRÁÐGJÖF

Grunn- og framhaldsnám
hi.is/felagsradgjof

Félagsráðgjöf snýst um fólk - svo einfalt, jafnframt svo flókið

BA nám í félagsráðgjöf nýtur vaxandi vinsælda. Til að öðlast starfsréttindi í félagsráðgjöf þarf að ljúka BA námi auk tveggja ára MA námi til starfsréttinda. Félagsráðgjafi er lögverndað starfsheiti og er starfsvettvangur félagsráðgjafa afar fjölbreyttur sem endurspeglast í úrvali námskeiða í náminu og námsleiðum á framhaldsstigi

BA námið er einnig góður undirbúningur fyrir annað framhaldsnám. Þá er BA nám í félagsráðgjöf afar hagnýtt fyrir alla þá sem hyggja á störf við velferðarþjónustu og með fólki.

SKIPULAG BA NÁMSINS

1. ÁR HAUST	1. ÁR VOR
Almenn félagsráðgjöf 6e	Aðferðafræði 8e
Áfengis- og vímuefnamál 6e	Áföll, sorg og sálræn skyndihjálp 4e
Félagsráðgjöf og íslenskt þjóðfélag 8e	Félagsmálastefnur 6e
Fræðileg vinnubrögð í háskóla 6e	Fjölskyldur og fjölskyldustefna 6e
Samvinna og samfélagsleg nýsköpun 4e	Þroski, samskipti og tengsl 6e
2. ÁR HAUST	**2. ÁR VOR**
Félagsmálalöggjöf I 6e	Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði 4e
Réttarfélagsráðgjöf 4e	Félagsmálalöggjöf II 6e
Skólafélagsráðgjöf 4e	Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum 6e
Tölfræði I: Inngangur 8e	Tölfræði II: Gagnagreining 8e
Valnámskeið	Öldrun og málefni aldraða 6e
3. ÁR HAUST	**3. ÁR VOR**
Fjölmenningarfélagsráðgjöf 4e	BA ritgerð 12e
Fötlun og samfélag 4e	Félagsmálalöggjöf III 6e
Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum 8e	Stjórnun 8e
Samfélagsvinna og notendasamráð 8e	Valnámskeið
Valnámskeið	Valnámskeið

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/felagsradgjof

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Fjölbreytt framhaldsnám í félagsráðgjöf

MA nám til starfsréttinda í félagsráðgjöf

MA nám til starfsréttinda í félagsráðgjöf er tveggja ára nám að loknu BA námi í félagsráðgjöf (120 ECTS). Í náminu öðlast nemendur færni til að starfa sem félagsráðgjafar. Þeir hljóta fræðilega þekkingu og klíníska þjálfun í vinnuaðferðum félagsráðgjafa og sækja m.a. námskeið um fjölskylduvinnu og meðferð, greiningu geðrænna vandkvæða, hópvinnu, vinnu með börnum og unglingum auk viðtalstækni. Jafnframt fá nemendur þjálfun í aðferðafræði og vinna MA-rannsókn á sviði félagsráðgjafar.

Stór hluti námsins felst í starfsþjálfun sem fer fram á stofnunum utan HÍ undir handleiðslu sérþjálfaðra starfsþjálfunarkennara. Að loknu MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf geta nemendur sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis landlæknis.

Félagsráðgjöf, rannsóknarnám MA

Rannsóknatengt MA nám í félagsráðgjöf (120 ECTS) er hugsað fyrir nemendur með bakgrunn í félagsráðgjöf sem vilja dýpka þekkingu sína á völdu fræðasviði innan félagsráðgjafar.

Fjölskyldumeðferð, rannsóknarnám MA

Markmið MA náms í fjölskyldumeðferð (120 ECTS) er að auka fræðilega og hagnýta þekkingu nemenda í fjölskyldufræðum ásamt því að efla starfsfærni.

Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum

Samnorrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG) er þverfaglegt nám sem kennt er í samstarfi háskóla í þremur löndum, Íslandi, Noregi og Svíþjóð (120 ECTS). Markmið með náminu er að dýpka þekkingu nemenda á málefnum aldraðra og kynna þeim svið öldrunarfræða.

Öldrunarfræði, rannsóknarnám MA

Öldrunarfræði (120 ECTS) er rannsóknarnám sem gefur nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu sína á þeim helstu þáttum sem hafa áhrif á velferðarmál aldraðra, öldrunarþjónustu, stefnumótun, löggjöf og framkvæmd á sviðum félags- og heilbrigðisþjónustu.

Viðbótardiplómanám

Fjölbreytt framboð er af viðbótardiplómanámi (30 ECTS) við Félagsráðgjafardeild. Diplomanám veitir sérhæfingu- og þekkingu á ákveðnu sérsviði félagsráðgjafar. Athugið að framboðið er breytilegt á milli skólaára en allar nánari upplýsingar má nálgast á vef deildar www.hi.is/felagsradgjafardeild.

- Áfengis- og vímuefnamál
- Barnavernd
- Fjölmenning, málefni innflytjenda og flóttafólks
- Handleiðsla
- Starfsendurhæfing
- Öldrunarþjónusta

Inntökuskilyrði

Upplýsingar um inntökuskilyrði einstakra námsbrauta sjá á www.hi.is/felagsradgjafadeild.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/felagsradgjafardeild

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD